

Ósk um styrkveitingu

Ný stofnuð Rafíþróttadeild Þórs óskar eftir styrk vegna kaupa á búnaði (tölvum) til starfsemi deildarinnar. Ljóst er að byrjunarkostnaður deildarinnar er töluverður fyrir litla deild og áætla forsvarsmenn deildarinnar að kaup á tölvum muni hlaupa á um 2,5 til 4 milljónum króna. Um er að ræða 10 stk PC tölvur ásamt tveimur til fjórum playstation 4 tölvum.

Ljóst er að uppfæra og viðhalda þarf þessum tækjum og óskar deildin því þess að Akureyrarbær sé tilbúinn að koma með styrkveitingu til viðhalds og tækjakaupa á um tveggja ára frest í framtíðinni en sú upphæð getur verið töluvert lægri en „fyrsta upphæð“ ef svo má að orði komast.

Vilji bærinn frekar kaupa tækin og hafa í sinni eigu og láta deildina hafa til afnota er það ekkert mál. Verði sú leið farin, óskar deildin þess hins vegar sjálf að fá að þjónusta tækin enda fagþekking til staðar innan deildarinnar.

Forsvarsmenn deildarinnar vonast eftir því að daglegur rekstur deildarinnar geti staðið undir sér með æfinga-, keppnis- og námskeiðsgjöldum eftir að búnaður deildarinnar er kominn af stað. Styrkur bæjarins felur fyrst og fremst í sér aðstoð við að koma deildinni af stað í tækjakaupum.

Von forsvarsmanna og vilji er að fljótlega þurfi að stækka tölvuflotann upp í 20 stk tölvur og verður þá leytast við að gera það með aðstoð Akureyrarbæjar, fyrirtækja og einstaklinga.

Fram skal koma að forsvarsmenn deildarinnar hafa þegar hafið vinnu við að safna styrkum og þá er aðstaða deildarinnar (utan tölvanna) langt komin í að vera tilbúin.

Við forsvarsmenn Rafíþróttadeildar Þórs finnum fyrir miklum áhuga á starfsemi deildarinnar og vonumst eftir að bærinn sýni okkur þann skilning að afgreiða erindið fljótt þar sem að mikilvægt er að ná að prufukeyra starfsemi deildarinnar helst strax í lok mars. Þetta þarf að gera til þess að starfsemi deildarinnar geti verið komin í góðar og fastar skorður næst komandi haust, þar sem m.a. Rafíþróttir verða valgrein í grunnskólum bæjarins.

Bjarni Sigurðsson, formaður.

F.h. Rafíþróttadeildar Þórs.